

...Hann var vígður sinni snilligáfu

„Kjarval var snillingur. Og hann var vígður sinni snilligáfu. Maður hefur stundum heyrt fólk segja að hann hafi verið skrítinn, jafnvel geggjaður. En ég held að það hafi ekki verið til meira normal maður. Það kom skýrt fram þegar rætt var við hann í næði. Auðvitað var hann oft einmana. Það er þannig með menn sem eru einir að glíma við lausnir í listinni. — Kjarval þurfti auðvitað að hafa samband við fólk og hefur þá oft komið undarlega fyrir. Þá hefur hann komið út úr eigin hugarheimi og virst tala samhengislaust — hans aðferð við að ná jarðsambandi í bili.


Ég hitti hann einu sinni á Skúlagötunni. Við vorum tveir einir á allri Skúlagötunni. Ég sá hann koma álengdar. Þetta hefur verið þegar hann hafði vinnustofu á Barónsstígnum. Þetta var um sumar. Það var logn og blíða. „Ertu kominn þarna, myndarlegi Skagfirðingur minn," sagði Kjarval og lagði hönd á öxl mér. Svo gengum við saman um Skúlagötuna alla nóttina.

Við töluðum um myndlist. Það er að segja hann talaði. Og um heimspeki. Hann vitnaði í ýmsar bækur. Kjarval var vel lesinn, miklu fróðari en menn héldu eða töldu. Ég man að hann spurði mig hvort ég hefði tekið eftir skýjafarinu 17. júní. „Skýin voru ferköntuð og héngu skúfar út úr hornunum," sagði hann. Seinna sá ég svona ský, líka í málverki. . .

Hann var einhver mesti málari í heiminum á sinni tíð. Hann stendur jafnfætis fremstu impressionistunum og expressionistunum og hefur inspírerað íslenska listamenn meira og minna. Það fer ekki hjá því. Einu sinni kom ég á Borgarfjörð eystra til að mála. En ég komst ekki að verki, fannst ég ekki sjá annað en hans mótíf, fannst hann standa hlæjandi fyrir aftan mig. . .

Hann var hafinn yfir allt sem við getum kallað sókn eftir borgaralegum gildum. Vinnuþjarkur. Kann að vera að bóhemlífið hafi ekki komið honum eins á óvart og okkur af minni kynslóð sem vorum aldir upp við borgaralegar aðstæður. Þjóðfélagið er náttúrlega allt annað. . ."

-GG.



Jóhannes Geir listmálari.

...NNES ...RVAL ...MINNING –

...nga um sali Kjarvalsstaða þar sem nú er ...arans — og fara um það nokkrum orðum ...rval hefði haft á list okkar daga

Myndir: Gunnar V. Andrésson